



Ytra mat

Leikskólinn Ásgarður

Úttekt þessi er unnin á vegum Menntamálastofnunar –
fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Björk Ólafsdóttir og Kolbrún Vigfúsdóttir
© Menntamálastofnun, 2020
ISBN 978-9979-0-2600-6

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn og umhverfi hans	9
Leikskólinn	9
Húsnæði og útileiksvæði	9
Starfsmenn.	9
Hugmyndafræði og áherslur	9
Stjórnun	11
Stjórnskipulag og skipurit.	11
Námskrá og áætlanir	11
Stjórnun og starfsmenn	11
Fagleg forysta	12
Starfsandi og starfsánægja	13
Uppeldis- og menntastarf	14
Námsaðstæður	14
Starfshættir	14
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	15
Námssvið.	15
Velferð og líðan barna.	16
Mat á námi og velferð barna	16
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	18
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	18
Viðhorf foreldra	18
Samstarf við grunnskóla	18
Annað samstarf	19
Skóli án aðgreiningar	20
Skólaþjónusta og sérkennsla	20
Börn með annað móðurmál en íslensku	20
Innra mat	22
Skipulag og viðfangsefni	22
Gagnaöflun og vinnubrögð	22
Opinber birting og umbætur	22
Samantekt matsþátta.	23
Samantekt.	24
Lokaorð	27
Heimildir.	28

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefndar hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Húsnæði Ásgarðs er rúmgott og vinnuaðstaða barna og starfsfólks er góð. Hugað er að því að hafa umhverfi barnanna fallegt og vistlegt en leita þarf leiða til að bæta hljóðvist í norðurhluta húsnæðisins. Leikskólalóðin er einnig stór og býður upp á mikla möguleika sem og umhverfi utan leikskólans. Á útileiksvæði er þörf á að laga fallvarnir við rólur og huga að því að stúka af svæði fyrir yngstu börnin. Einungis einn kennari er starfandi í Ásgarði og því uppfyllir leikskólinn ekki ákvæði laga hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda kennara. Áfram þarf því að leita leiða til að ráða kennara til starfa. Stefna leikskólans og hugmyndafræði er skýr en langt er síðan hún var innleidd og því þarf að endurmeta hana, svo sem tilgang, framkvæmd, efnivið og þekkingu starfsfólks. Leggja ætti áherslu á aðkomu starfsmanna og foreldra að þeirri vinnu. Samfara endurskoðun á hugmyndafræði leikskólans þarf að taka upp umræðu um einkunnarorð leikskólans, gera þau sýnilegri í leikskólanum og huga að endurskoðun skólanámskrár.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Náið samstarf er við grunnskólann og eru skólarnir meðal annars með sameiginlegt nemendaverndaráð. Samvinna er einnig við skóla í nærliggjandi sveitarfélögum og hafa þeir tekið höndum saman um gerð læsisstefnu fyrir leik- og grunnskóla á svæðinu. Ekki hefur verið unnin skólastefna fyrir Húnaþing vestra en hún er í vinnslu. Stjórnenda- og starfsmannafundir eru haldnir reglulega í Ásgarði en leita þarf leiða til að koma á reglulegum deildarfundum og efla faglega umræðu. Til stuðnings við starfsmenn hefur verið gerð leiðbeinandi handbók en stjórnendur mættu auka faglega forystu sína með því að fara inn á flæðisgarðana til að fylgjast með námi og starfi og gefa starfsfólki endurgjöf í þeim tilgangi að efla það. Stutt er við starfsmann í leikskólatengdu fjarnámi þannig að hann heldur launum þegar hann sækir staðlotur. Vinna ætti símenntunaráætlun sem endurspeglar stefnu og þarfir leikskólans og nær til allra starfsmanna. Starfsfólk hefur sett sér samskiptareglur sem eru endurskoðaðar reglulega og áfram þarf að vinna að því að stuðla að góðum starfsanda. Einnig þarf að vinna að því að byggja upp traust alls starfsfólks til leikskólastjóra.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Lögð er áhersla á val barna og frjálstan leik í flæði. Lýðræðisleg þátttaka barna birtist í að börnin hafa frjálst val um verkefni og geta einstaka sinnum haft áhrif á hvaða verkefni eru í boði í flæði. Koma þarf á skráningu á vali og námi barna í flæði og daglegum athöfnum og auka daglega upplýsingagjöf til foreldra um líðan barna, áhugasvið og virkni í leikskólanum. Skráðar leiðbeiningar eru fyrir starfsfólk um hvernig hægt er að vinna að námssviðum aðalnámskrár í flæðinu. Vel er unnið með námssviðið heilbrigði og vellíðan en gera mætti skapandi starfi og vísindum hærra undir höfði. Einnig má auka vinnu með læsi og gera ritmál sýnilegra í umhverfinu. Ræða ætti innan leikskólans hvort ástæða sé til að bjóða upp á meira krefjandi verkefni í flæði. Við mat á námi og framförum barna eru notuð viðurkennd matstæki og leita ætti leiða til að auka þátttöku foreldra þegar nám og framfarir barna eru metnar. Koma ætti í framkvæmd hugmyndum annars vegar um að skipta eldra stigi í tvö stig og fjölga deildarstjórum í þrjá og hins vegar að innleiða uppeldisstefnuna *Jákvæður agi* í leikskólann. Í samhengi við innleiðingu nýrrar uppeldisstefnu er þörf á að endurskoða og skrá reglur leikskólans.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi og styður við leikskólastarfið. Fundargerðir eru skráðar og aðgengilegar á heimasíðu. Almenn ánægja er meðal foreldra með matinn í leikskólanum og hvernig

komið er til móts við sérstakar þarfir barna í mataræði. Taka þarf upp samræðu við foreldrahópinn um hvað má betur fara í leikskólanum, s.s. varðandi móttöku og skil á börnum, upplýsingagjöf, samskipti og kirkjuferðir. Einnig er mikilvægt að fá aðstoð utanaðkomandi aðila til að vinna að því að byggja upp traust meðal foreldra og stjórnenda. Gott samstarf er við stofnanir í nærsamfélaginu og vel er staðið að samstarfi við Grunnskóla Húnaþings vestra um aðlögun barna á milli skólastiga. Börnin heimsækja eldri borgara reglulega og taka þátt í samfélagsverkefni í tengslum við verkefnið *Skóli á grænni grein*.

Skóli án aðgreiningar

Sérkennslustjóri starfar við leikskólann sem hefur umsjón með sérkennslu, gerir skimanir á börnum og sinnir sérkennslu barna einstaklingslega og í hópum. Að auki hefur leikskólinn aðgang að sálfræðingi og nýtur þjónustu *Tröppu* um talþjálfun fyrir börn. Gerðar eru einstaklingsáætlanir og mynduð teymi fyrir sérkennslubörn. Styrkja má þekkingu starfsmanna í vinnu að málörvun barna í almennu starfi.

Innra mat

Fjallað er um helstu leiðir sem leikskólinn fer í innra mati í skólanámskrá. Viðhorfskannanir meðal starfsfólks og foreldra eru gerðar reglulega. Matsteymi hefur verið skipað til að vinna úr niðurstöðum foreldra- og starfsmannakannana sem lagðar voru fyrir í apríl 2020. Drög að umbótaáætlun liggja fyrir. Gera þarf matsáætlun til nokkurra ára og nákvæmari matsáætlun fyrir hvert skólaár með aðkomu starfsmanna og foreldra. Brýnt er að meta stefnu leikskólans og markmið markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur. Huga má að meiri fjölbreytni í öflun gagna meðal starfsfólks, barna og foreldra og tryggja að raddir barna heyrist í mati á leikskólastarfinu. Birta þarf greinargerðir um innra matið á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd, helstu niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Í framhaldi þarf að ljúka við gerð umbótaáætlunar og birta á heimasíðu.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Ásgarði. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Björk Ólafsdóttur, Kolbrúnu Vigfúsdóttur og Herdísí Ernu Gunnarsdóttur og fór fram á vettvangi 5. og 6. maí 2020. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, skólabjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.¹

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólabróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi.² Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 5. mars á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsmenn dvöldu tvo daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýni- viðtöl við deildarstjóra, starfsmenn, foreldra og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra og aðstoðarleikskóla- og sérkennslustjóra og haft var samband við sviðsstjóra Fjölskyldusviðs. Þátt-takendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.³ Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrir fram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlestrar.

1 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

2 Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta- og menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

3 Sjá nánar í lok skýrslunnar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn

Leikskólinn Ásgarður á Hvammstanga tók til starfa árið 1994 og er ætlaður börnum á aldrinum tólf mánaða til sex ára. Deildir Ásgarðs eru tvær: Yngra stig er fyrir börn á aldrinum tólf mánaða til tveggja ára og Eldra stig er fyrir börn frá tveggja til sex ára. Leikskólinn er opinn frá 7:45–16:15 alla daga.

Vorið 2020 dvelur 51 barn við nám í Ásgarði, 25 stúlkur og 26 drengir. Þrjú börn eru með skilgreinda sérkennslu í leikskólanum. Ellefu börn eru með annað móðurmál en íslensku.

Húsnæði og útileiksvæði

Húsnæði leikskólans er rúmgott miðað við fjölda barna og umhverfi starfsfólks og barna snyrtilegt. Húsnæðið uppfyllir allar kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009. Huga þarf að því að bæta hljóðvist í norðurhluta hússins á svæði sem nefnist Ævintýra- og Tónlistargarður.

Útileiksvæði barnanna er stórt og sæmilega búið leiktækjum. Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra og starfsfólki stendur til að stækka og endurbæta leiksvæðið. Leiksvæðið býður upp á fjölbreytta hreyfingu en þörf er á að laga fallvarnir við rólur. Einnig mætti huga að því að stúka af svæði fyrir yngstu börnin. Góð tækifæri eru utan leikskólalóðar til vettvangsferða og útináms.

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 18 starfsmenn í 12,98 stöðugildum, 14 konur og fjórir karlmenn. Fjórir stjórnendur eru í Ásgarði, leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sem jafnframt er sérkennslustjóri, og tveir deildarstjórnar. Stjórnunarhlutfallið er 4 stöðugildi. Leikskólastjóri er kennari með diplóma í jákvæðri sálfræði. Aðstoðarleikskóla- og sérkennslustjóri og annar deildarstjórinn eru með B.Ed í kennarafræðum. Hinn deildarstjórinn er í leikskólaliðanámi. Íþróttakennari kemur að íþróttakennslu leikskólabarnanna tvisvar í viku. Aðrir starfsmenn leikskólans í starfi með börnum eru leiðbeinendur án framhaldsmenntunar. Leikskólinn uppfyllir því ekki ákvæði laga nr. 95/2019 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda kennara. Starfsmenn eldhúss eru tveir.

Hugmyndafræði og áherslur

Námsumhverfi og viðfangsefni barna eru skipulögð út frá hugmyndafræði Mihaly Csikszentmihalyi um flæði.⁴ Hugmyndafræðin var upphaflega innleidd sem þróunarverkefni skólaárin 2011–2013. Í starfsumhverfinu er lögð áhersla á að börnin hafi val um það sem þau fást við hverju sinni án mikillar stjórnar frá kennara. Með því geti þau fengist við verkefni sem höfðar til áhuga þeirra. Stærsti hluti skólahúsnæðis (eldra stig) er skipt niður í átta flæðisgarða.

Fram kom í rýnihópum að starfsmenn og foreldrar vita að hugmyndafræði leikskólans byggir á flæði og telja þau að starfið endurspegli það að hluta til. Hins vegar var í öllum rýnihópum nefnt að þörf væri á að endurskoða flæðið og framkvæmd þess. Var í því samhengi bent á að núverandi starfsmannahópur þekkir ekki hugmyndafræðina að baki flæði og væri þar af leiðandi ekki að vinna í samræmi við hana. Fram kom að flókið væri að útskýra hugmyndafræðina og erfitt að kveikja áhuga starfsmanna. Taka þyrfti afstöðu til hvort halda ætti áfram að byggja starfið á flæði og ef það yrði niðurstaðan að leggja þá aukna áherslu á að mennta starfsmannahópin í hugmyndafræðinni.

Leikskólinn hefur ekki sett sér gildi en *Góður skóli, gjöful framtíð* var sett sem einkunnarorð fyrir alla skóla í sveitarfélaginu fyrir mörgum árum að sögn leikskólastjóra. Einkunnarorðin voru ekki sýnileg í leikskólanum og viðmælendur, fyrir utan leikskólastjóra, þekktu þau ekki.

Leikskólinn er einn af *Skólum á grænni grein* (Grænfánaleikskóli) og skipaður hefur verið verkefnisstjóri sem heldur utan um þá vinnu.

4 Skólanámskrá Ásgarðs og heimasíða Ásgarðs.

Styrkleikar

- Húsnæði er rúmgott og vinnuaðstaða barna og starfsfólks er góð.
- Hugað er að því að hafa fallett og vistlegt umhverfi.
- Leikskólalóð er stór og býður upp á mikla möguleika.
- Stefna leikskólans og hugmyndafræði er skýr.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.
- Huga þarf að betri hljóðvist í norðurhluta leikskólahúsnæðisins.
- Á útileiksvæði er þörf á að laga fallvarnir við rólur og huga að því að stúka af svæði fyrir yngstu börnin.
- Meta þarf hugmyndafræði leikskólans frá grunni, svo sem tilgang, framkvæmd, efnivið og þekkingu starfsfólks. Leggja ætti áherslu á aðkomu starfsmanna og foreldra að þeirri vinnu.
- Samfara endurskoðun á hugmyndafræði leikskólans þarf að taka upp umræðu um einkunnarorð og gera þau sýnilegri í leikskólanum.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Ásgarður er rekinn af sveitarfélaginu Húnaþingi vestra. Á vegum sveitarfélagsins starfar fræðsluráð sem fer með hlutverk leikskólanefndar. Fræðsluráðið fundar mánaðarlega og situr leikskólastjóri fundi þess þegar fjallað er um málefni leikskólans. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs er starfsmaður ráðsins og næsti yfirmaður leikskólastjóra.⁵ Skólastjórnendur leikskólans og grunnskólans funda reglulega með sviðsstjóra og samstarf við hann er gott að sögn leikskólastjóra. Leikskólastjóri sagðist einnig finna fyrir velvild af hálfu sveitarstjórnar, s.s. varðandi fjármál. Í samtali við sviðsstjóra kom fram að undanfarna mánuði hafa samskipti við leikskólastjóra verið góð. Ásgarður og Grunnskóli Húnaþings vestra eru með sameiginlegt nemendaverndarráð þar sem sitja skólastjórar, sérkennslustjórar, hjúkrunarfræðingur og námsráðgjafi. Sviðsstjóri eða starfsmaður fjölskyldusviðs situr einnig fundi ráðsins. Leikskólinn hefur aðgang að þroskaþjálfu, sálfræðingi og talmeinafræðingi. Húnaþing vestra hefur ekki sett sér skólastefnu en verið er að vinna að undirbúningi skólastefnu að sögn sviðsstjóra og stefnt er að því að hún verði tilbúin 2021.

Læsisstefnan *Færni til framtíðar* var unnin í samvinnu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu, Húnaþingi vestra og leikskóla Strandabyggðar.⁶ Stefnan var gefin út 2020 og skilgreindir hvernig standa á að eflingu læsis í leik- og grunnskólum á svæðinu.

Námskrá og áætlanir

Skólanámskrá Ásgarðs var endurskoðuð árið 2015 með aðkomu allra starfsmanna. Námskráin var uppfærð og endurútgefin 2020. Skólanámskráin uppfyllir að mestu leyti þær kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrá frá 2011 og í lögum um leikskóla nr. 90/2008. Þó vantar að gera grein fyrir hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst milli leikskóla eða í grunnskóla samkvæmt reglugerð nr. 856/2011. Samkvæmt aðalnámskrá á enn fremur að koma fram í skólanámskrá hvernig unnið er með hæfnipætti í samræmi við aldur og þroska barna og birta viðmið fyrir leikskólastarfið sem metið er út frá í innra mati. Þá mætti í skólanámskrá gera betur grein fyrir skipulagi sérfræðipjónustu og þeim áherslum sem leikskólinn vinnur eftir í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra og nærsamfélagið. Koma þarf fram hvort skólanámskráin hafi verið rædd í foreldraráði.

Ársskýrsla 2018–2019 er aðgengileg á heimasíðu leikskólans en ekki liggur fyrir starfsáætlun fyrir yfirstandandi skólaár. Drög að starfsáætlun fyrir næsta skólaár liggja fyrir. Í ársskýrslu er að finna hagnýtar upplýsingar um skólastarfið. Skóladagatal er aðgengilegt á heimasíðu.

Aðrar lögbundnar áætlanir og stefnur liggja fyrir og eru aðgengilegar á heimasíðu leikskólans, svo sem viðbragðsáætlun, áætlun um öryggi og heilbrigði, áætlun um viðbrögð við áföllum, jafnréttisáætlun, rýmingaráætlun og áætlun um móttöku nýrra barna. Starfsmannahandbók hefur líka verið unnin og er aðgengileg starfsfólki í möppu í leikskólanum.

Stjórnun og starfsmenn

Stjórnendateymi Ásgarðs mynda leikskólastjóri, aðstoðarleikskóla- og sérkennslustjóri og deildarstjórar. Fundir í stjórnendateymi, svokallaðir fagfundir, eru haldnir vikulega í klukkutíma í senn. Skrif- aðar eru fundargerðir sem eru aðgengilegar starfsfólki í fundargerðabók.

Leikskólastjóri hefur starfað sem slíkur frá 2006 og aðstoðarleikskólastjóri frá hausti 2019. Leikskólastjórnendur eru með fasta fundi vikulega. Þeir eru að hluta með skýra verkaskiptingu sem felst í að aðstoðarleikskólastjóri ber ábyrgð á að boða á fundi og rita fundargerðir, hefur yfirumsjón með viðburðum og sér um feisbókarsíðu leikskólans.⁷ Leikskólastjóri sér um stjórnun leikskólans og að setja efni á heimasíðu. Verkaskiptingin er ekki skráð og sagði leikskólastjóri í viðtali að þær ynnu mikið saman við daglega stjórnun. Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að gott væri að hafa skráða verkaskiptingu á milli leikskólastjóra annars vegar og deildarstjóra hins vegar, einkum varðandi stjórnun mannauðs. Skipurit fyrir leikskólann liggur ekki fyrir.

5 Heimasíða Húnaþings vestra.

6 Heimasíða Ásgarðs. [http://asgardur.leikskolinn.is/%C3%A1sgar%C3%B0ur/laesisstefna-skja%20\(2\).pdf](http://asgardur.leikskolinn.is/%C3%A1sgar%C3%B0ur/laesisstefna-skja%20(2).pdf)

7 Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

Starfsmannafundir eru haldnir mánaðarlega yfir vetrarmánuðina og starfsdagar eru fjórir á ári.⁸ Á starfsmannafundi mæta allir starfsmenn leikskólans sem starfa með börnunum. Starfsmannafundir eru nýttir m.a. til upplýsingagjafar og til að kynna og ræða um hugmyndafræðina og fara yfir áherslur á hverri flæðisstöð. Starfsdagar eru aðallega nýttir til símenntunar. Deildarfundir eru ekki settir upp á dagskipulagi leikskólans og ekki haldnir reglulega. Lagt er upp með að hluti starfsmannafunda fari í að ræða málefni deilda. Að sögn starfsmanna og deildarstjóra í rýnihópum gefst samt sjaldan svigrúm til þess á starfsmannafundum sem verður til þess að starfsfólk stiga nær ekki að ræða saman um börnin eða fylgja hlutum eftir eins og skyldi. Kom fram í bæði viðtölum og rýnihópum að þörf væri á að halda fleiri minni fundi, innan deilda eða verkefnatengt.⁹

Símenntunaráætlun fyrir leikskólann liggur ekki fyrir. Símenntun starfsmanna er að hluta til sameiginleg með öðrum stofnunum í Húnaþingi vestra og að hluta til sameiginleg með öðrum leikskólum á Norðvesturlandi á árlegum haustþingum. Símenntunartækifæri sem snúa beint að þörfum leikskólans eru fá að sögn leikskólastjóra. Að sögn starfsmanna í rýnihópi er vel tekið í beiðni þegar þeir óska eftir að fara á námskeið en þeir eru ekki hvattir sérstaklega til að sækja sér símenntunar. Starfsmenn í leikskólatengdu fjarnámi halda launum þegar þeir þurfa að fara í staðlotur. Leikskólakennarar fá undirbúningstíma samkvæmt kjarasamningum og aðrir starfsmenn fá einnig tíma til undirbúnings en klukkustundar hvíldartími barna er látinn rúlla á milli starfsmanna til undirbúnings.¹⁰ Starfsfólk sem ber ábyrgð á ákveðnum verkefnum fær klukkustundar langan undirbúningstíma vikulega. Leikskólastjóri tekur starfsþróunarsamtöl við alla starfsmenn árlega en segist sjálf ekki fara í starfsþróunarsamtal. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri funda með leikskólastjórum í Húnavatnssýslu og Strandabyggð mánaðarlega.

Við ráðningu nýrra starfsmanna er fylgt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda.¹¹ Við undirritun ráðningarsamnings er skrifað undir ákvæði um trúnað og þagnarskyldu og leyfi veitt til að skoða sakaskrá. Farið er eftir ákveðnu verklagi við móttöku nýrra starfsmanna en það er ekki skráð.¹² Leikskólastjóri tekur nýjan starfsmann í viðtal og kynnr leikskólann og deildarstjórar leiða starfsmanninn inn í faglegt starf á deildum.

Fagleg forysta

Í viðtali sagðist leikskólastjóri vera ákveðin, sanngjörn, glaðleg, ábyrgðarfull, fylgin sér, manneskja sem reynir að klára það sem hún byrjar á. Hún segist fara reglulega inn á deildir til að hitta starfsfólk og foreldra og einnig í þeim tilgangi að skoða starfið og gefa starfsfólki endurgjöf um það sem vel er gert eða betur mætti fara. Hún leitast við að þekkja börnin með nafni og leyfa þeim að eigin sögn að njóta sín. Aðstoðarleikskólastjóri sagðist í viðtali einnig gefa sér tíma til að fara inn á svæðin og leiðbeina og hrósa starfsfólki. Góð samvinna og gagnkvæmur stuðningur er á milli deildarstjóra.¹³ Þeir sögðust fylgjast með og leiðbeina starfsfólki eftir því sem kostur væri. Deildarstjóri eldra sviðs nefndi að þar sem hún væri bundin á sínu svæði í flæðisvinnunni þá hefði hún takmarkaða yfirsýn yfir hvernig væri verið að vinna á öðrum svæðum. Starfsmenn í rýnihópi nefndu að þeir fengju aðallega hrós frá foreldrum en einnig frá deildarstjórum og samstarfsfólki.

Að mati leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra er stjórnun leikskólans góð. Í starfsmannahópnum og þ.m.t. meðal annarra stjórnenda voru hins vegar skiptari skoðanir. Nefndi hluti starfsmanna að gott væri að leita til leikskólastjóra, hún leiðbeindi og væri góður stuðningur. Aftur á móti upplifði hinn hluti starfsmanna ekki stuðning leikskólastjóra og nefndi í því samhengi skort á trausti og að starfsfólki væri mismunað, sumum væri hrósað en öðrum ekki. Flestum starfsmönnum bar þó saman um að almennt tæki leikskólastjóri ekki vel í hugmyndir um breytingar eða nýjungar í tengslum við stefnu og starfs hætti leikskólans.

8 Viðtal við leikskólastjóra.

9 Viðtal við aðstoðarleikskóla- og sérkennslustjóra, rýnihópar starfsmanna og deildarstjóra.

10 Viðtal við leikskólastjóra, rýnihópar starfsmanna og deildarstjóra.

11 Viðtal við leikskólastjóra.

12 Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópur deildarstjóra.

13 Rýnihópur deildarstjóra.

Starfsandi og starfsánægja

Stjórnendur og starfsmenn sem rætt var við sögðu að andrúmsloftið í leikskólanum væri almennt gott, vinsemd ríki og að starfsfólki líði vel. Þó voru nokkrir þeirrar skoðunar að starfshópurinn næði ekki vel saman, traust skorti og nokkuð væri um baktal. Þá hefur það áhrif á starfsandann og skuldbindingu við vinnustaðinn að ekki er talað vel um leikskólann í nærsamfélagi hans.¹⁴ Skiptar skoðanir voru líka um hvort metnaður ríki í starfsmannahópnum og var bent á í því samhengi að hluti hópsins liti á starf sitt í leikskólanum sem tímabundið og væri því ekki að gefa sig að fullu í það. Í starfsmannakönnun Skólapúlsins sem framkvæmd var í apríl 2020 kom þátturinn *Starfsandi í Ásgarði* marktækt verr út en hjá leikskólum að jafnaði sem taka þátt í könnuninni. *Skuldbinding til vinnustaðarins* kom einnig marktækt lakari út.

Starfsmannahópurinn gerir ýmislegt saman til að efla starfsandann, svo sem að vera með sameiginlegt föstudagskaffi, fara saman út að borða og hafa vinaviku. Sú hefð hefur skapast að leikskólastjóri býður starfsmannahópnum heim til sín í desember. Starfsmenn hafa sett sér samstarfsáttmála sem er ræddur og endurskoðaður reglulega og hengdur upp til áminningar.

Styrkleikar

- Ásgarður og Grunnskóli Húnaþings vestra eru með sameiginlegt nemendaverndarráð.
- Unnin hefur verið læsisstefna fyrir leikskólann í samvinnu við leik- og grunnskóla í nærliggjandi sveitarfélögum.
- Gerð hefur verið leiðbeinandi handbók fyrir starfsmenn.
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru í samstarfi við aðra leikskólastjóra í nærliggjandi sveitarfélögum.
- Stutt er við starfsmenn í leikskólatengdu fjarnámi þannig að þeir halda launum í staðlotum.
- Starfsfólk hefur sett sér samskiptareglur sem eru endurskoðaðar reglulega.

Tækifæri til umbóta

- Ljúka við gerð skólastefnu fyrir Húnaþing vestra.
- Huga að endurskoðun skólanámskrár með aðkomu alls leikskólasamfélagsins og gera í henni grein fyrir hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst milli leikskóla eða í grunnskóla, hvernig unnið er með hæfniþætti í samræmi við aldur og þroska barna og birta viðmið fyrir leikskólastarfið sem metið er út frá í innra mati.
- Ljúka við gerð starfsáætlunar.
- Leikskólastjóri fari reglulega í starfsmannasamtal hjá sínum yfirmanni.
- Leita leiða í samráði við starfsfólk til að koma á reglulegum deildarfundum og efla faglega umræðu.
- Skrá verkaskiptingu leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra.
- Vinna símenntunaráætlun sem endurspeglar stefnu og þarfir leikskólans.
- Stjórnendur fylgist markvisst með námi og starfi í leikskólanum í þeim tilgangi að efla starfsfólk og gefa því endurgjöf.
- Unnið verði að því að byggja upp traust alls starfsfólks til leikskólastjóra.
- Vinna áfram að því að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda.

¹⁴ Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Útileiksvæði leikskólans er stórt og býður upp á fjölbreytt viðfangsefni og umhverfi utan leikskólalóðar gefur góða möguleika til útináms, náttúruskoðunar og gönguferða. Skipulag innanhúss gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum í rúmgóðu húsnæði sem skipt er í átta svæði sem kallast: Friðargarður, Kubbagarður, Listagarður, Sullugarður, Tónlistargarður, Útigarður, Vísindagarður og Ævintýragarður. Í hverjum garði er lögð sérstök áhersla á eitt eða tvö námssvið aðalnámskrár leikskóla.

Í þróunarverkefninu *Leikur er barna yndi* frá árunum 2011–2013 var lagður grunnur að hugmyndafræði leikskólans um flæði. Þar er lögð áhersla á val barna og frjálsan leik. Í skólanámskrá Ásgarðs segir að með skipulagi námsumhverfis leikskólans sé lögð áhersla á að nýta húsnæði og efnivið sem best og gefa leiknum gott vægi. Hugmyndafræðin gerir ráð fyrir að börnin flæði milli verkefna í áðurnefndum gördum í rólegum og fjörugum athöfnum. Á vettvangi sáu matsmenn dæmi um þetta. Leikefni og efniviður er í sumum tilfellum ágætur og aðgengilegur fyrir börnin en í öðrum tilfellum ekki nægilega krefjandi og býður ekki upp á þá ögrun sem gera þarf ráð fyrir. Þegar spurt var um *aðstöðu* barna í foreldrakönnun Skólapúlans í apríl 2020 mældist viðhorf foreldra marktækt lægra en meðaltal leikskóla sem tóku þátt.

Dagskipulag er sameiginlegt fyrir allan leikskólann þar sem fastir tímar eru: morgunverður, hádegisverður, samverustund, hvíld og síðdegishressing. Í samræmi við hugmyndafræði leikskólans flæða eldri börnin í frjálsum vali milli svæða bæði úti og inni en yngstu börnin eru í skipulagðari aðstæðum á sinni deild en þjálfar sig smám saman til að taka þátt í flæðinu.

Starfshættir

Deildarstjórar leiða uppeldis- og menntastarf á eldra og yngra sviði, leiðbeina ófaglærðu starfsfólki, þjálfar nýja starfsmenn og skipuleggja dreifingu starfsmanna á vinnusvæðin (flæðigarðana). Þeir bera ábyrgð á samskiptum við foreldra og taka foreldraviðtöl. Ekki fer fram mikið mat á námi og framförum barnanna í daglegu starfi. Deildarstjórar sögðu gott samstarf á yngra sviði en það mætti vera meira og betra á eldra sviði. Nefndu þeir að starfsfólk á eldra sviði flakkaði of mikið um og það væri ekki í anda hugmyndafræðinnar. Eftir að hafa fylgst með á vettvangi geta matsmenn tekið undir þessar ábendingar deildarstjóra.

Mikill meirihluti barna og starfsfólks í leikskólanum tilheyrir eldra stigi. Deildarstjóri eldra stigs fer því með stjórn meirihluta starfsmanna en börnunum er skipt á milli deildarstjóra þannig að deildarstjóri á yngra stigi hefur yfirumsjón með hluta barna á eldra stigi. Deildarstjórnir voru sammála um að þetta fyrirkomulag gæfist ekki vel. Deildarstjóri eldra sviðs taldi sig ekki hafa næga yfirsýn yfir starfsmannahópinn sem tilheyrði hennar sviði og gæti því ekki leiðbeint þeim sem skyldi. Deildarstjóri yngra sviðs nefndi að hún væri ekki í miklum samskiptum við börnin sem hún hefði yfirumsjón með á eldra sviði því fyrir utan að vera með þeim í samverustund og útiveru hitti hún þau lítið. Í viðtali við leikskólastjóra og í rýnihópi deildarstjóra og starfsmanna kom fram að umræða væri um að skipta eldra stigi í tvö stig og fjölga deildarstjórum í þrjá. Voru allir sem rætt var við, þar með taldir foreldrar, á einu máli um að slíkt fyrirkomulag yrði til bóta bæði fyrir börn og starfsfólk.

Þar sem fáir deildarfundir eru haldnir í leikskólanum hefur starfsfólk og deildarstjórar litla möguleika á að koma með hugmyndir eða ábendingar og ræða saman um faglegt starf á stígunum. Vettvangsat-hugun leiddi í ljós að mismunandi var eftir gördum hversu fjölbreytt og ögrandi verkefni barnanna voru og hversu vel starfsmenn unnu eftir þeim áherslum sem gert var ráð fyrir á hverjum garði. Samskipti starfsfólks við börnin voru í flestum tilvikum jákvæð og uppbyggileg og börnunum virtist líða vel í leikskólanum. Samkvæmt upplýsingum leikskólastjóra er unnið með *Bínureglur* í samverustundum og einnig eru notaðar leiðbeiningar úr *Málörvun og læsi – færni til framtíðar*. Fram kom hjá deildarstjórum að of mikið væri af óskráðum reglum sem leiddi til mismunandi skilaboða til barnanna. Að-

ferðin *Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar* hefur verið notuð sem verkfæri til að takast á við krefjandi atferli barna á eldra stigi. Samkvæmt viðtölum við starfsfólk og deildarstjóra eru skiptar skoðanir um ágæti þessarar aðferðar. Þættir í henni svo sem að taka börn úr aðstæðum með því að setja þau á stól til að jafna sig, ganga gegn sannfæringu sumra starfsmanna og þeir töluðu um að þetta væri í raun úrelt aðferð og vildu sem minnst nota hana. Á yngra stigi er ekki notast við þessa aðferð heldur reynt að taka börnin út úr hópnum og spjalla við þau.¹⁵ Umræða hefur verið um að tekin verði upp samræmd agastefna í Ásgarði og í Grunnskóla Vestur-Húnavatnssýslu. Að sögn sviðsstjóra fjölskyldusviðs stendur til að innleiða uppeldisstefnuna *Jákvæður agi* í báða skólana haustið 2020.

Í foreldrakönnun Skólapúlsins 2020 var spurt um viðhorf foreldra til vinnubragða í leikskólanum.¹⁶ Mátu foreldrar barna matsþáttinn *Vinnubrögð* í leikskólanum marktækt lakari en foreldrar að jafnaði í öðrum leikskólum sem tóku þátt og sama er að segja um matsþáttinn *Ánægja með leikskólann*. Tengt þessu kom fram í rýnihópi foreldra athugasemd um flæðið, það væri of frjálst, of margir flæðigarðar opnir í einu og starfsmenn nýttust því ekki sem skyldi. Erfitt væri að vita hvaða starfsmaður hefði umsjón með hvaða barni. Nefndu foreldrarnir að starfsmenn hafi ekki næga yfirsýn yfir börnin og geti því ekki lagt áherslu á bjóða upp á verkefni sem höfðu til þeirra til að efla sterkar hliðar hvers og eins. Í sama streng tóku starfsmenn og deildarstjórar leikskólans með því að nefna í rýnihópi að starfsmenn væru ekki allir vissir um hlutverk sitt í flæðinu.

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í Jafnréttisáætlun leikskólans Ásgarðs er kafli um nemendur og þar kemur fram meðal annars að nemendum skuli gefið tækifæri til að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína, þau fái fræðslu um jafnréttismál og þekki sinn persónulega rétt.¹⁷ Í gögnum leikskólans: námskrá, starfsmannahandbók og starfsáætlun er ekki sérstaklega getið um lýðræðislega þátttöku barna. Frekar mikið barnalýðræði er í flæðinu að mati leikskólalastjóra, þar fá börnin að velja sér svæði úti sem inni. Leikskólalastjóri sagði að börnin hefðu stundum val um hvaða verkefni væru í boði í flæði og hvert þau færu í vettvangsferðum. Deildarstjórar tóku undir að börnin fái að ráða hvaða viðfangsefni eru í boði og hafi leyfi til að skipta um viðfangsefni í leiknum þegar þeim hentar.¹⁸ Börnin koma ekki að öðru skipulagi í leikskólanum og hafa ekki tekið þátt í að móta reglur.¹⁹ Börn í rýnihópi nefndu nokkrar reglur svo sem bannað að meiða, stríða og trufla en vissu ekki hver bjó þær til, töldu að kennararnir hefðu gert það. Börnin koma ekki að gerð matseðils en reynt er að hlusta eftir hvaða matur þeim finnst góður.²⁰ Á vettvangi sáu matsmenn jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum. Börnin voru að hluta til hvött til sjálfshjálpar til dæmis með því að klæða sig úr og í eftir útivist og ganga frá leirtauinu sínu eftir matinn. Að sögn starfsmanns eru börnin vön að skammta sér sjálf á diskinn í hádegismatnum en vegna sóttvarnarráðstafana út af Covid-19 skammtar starfsfólk á diska. Í samverustundum voru börnin hvött til að ræða um veðrið, standa upp og segja nafnið sitt og velja lög til að syngja.

Námssvið

Í skólanámskrá er fjallað um öll námssvið aðalnámskrár og hvernig áætlað er að vinna með þau í leikskólastarfinu. Gert er ráð fyrir að unnið sé með eitt til tvö námssvið sérstaklega í hverjum garði og settar hafa verið leiðbeiningar upp á vegg þar að lútandi. Leikskólinn var þátttakandi í verkefninu *Málörvun og læsi – færni til framtíðar 2015–2017* og var gefin út handbók fyrir leikskólann að því loknu. Í handbókinni er mikið af gagnlegum hugmyndum sem leikskólinn getur nýtt sér. Í leikskólanum er unnið með læsi í gegn um daglega samveru, lestur og spjall í samverustundum. Unnið er með Lubba verkefnið í samverustundum og er samræmt í öllum leikskólanum með hvaða staf er unnið hverju sinni. Bókasafn er í leikskólanum en auk þess hefur leikskólinn tekið upp samvinnu við bókasafn bæjarins um að fá reglulega lánaðar bækur fyrir börnin. Í tengslum við þessa samvinnu geta foreldrar fengið lánaðar bækur til að lesa fyrir börnin. Á öllum deildum eru bækur aðgengilegar fyrir börnin. Ritmál er lítið sýnilegt á leiksvæði barnanna og ekki var sýnileg vinna með sögu eða ljóðagerð. Samræður starfsmanna við börnin í matartímum og á leiksvæðum eru mismunandi miklar eftir einstaklingum.

15 Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

16 Vert er að taka fram að foreldrakönnun Skólapúlsins er aðeins á íslensku.

17 Jafnréttisáætlun.

18 Rýnihópur deildarstjóra.

19 Rýnihópur barna.

20 Viðtal við leikskólalastjóra.

Heilbrigði og vellíðan barnanna er styrkt með ýmsum hætti. Bæði í frjálsum leik og skipulögðu starfi. Þar má meðal annars nefna að lögð er áhersla á hollan og fjölbreyttan mat, daglega hvíld og útiveru. Frjáls útivera er þáttur í flæði leikskólastarfsins en þá hafa börnin val um að fara út í garð, sem er stór og býður upp á mikla möguleika til hreyfingar, eða í skipulagðar vettvangsferðir. Starfsmenn leikskólans sjá um þetta skipulag. Tvisvar í viku fara börnin í íþróttamiðstöð Húnaþings vestra þar sem íþróttakennari grunnskólans hefur yfirumsjón með tímunum og skipuleggur þá í samráði við starfsfólk leikskólans. Öll börn sækja íþróttatíma nema yngsti árgangurinn. Jógakennari kemur í leikskólann vikulega og er með 60 mínútna jóगतíma fyrir tvo elstu árganga skólans.

Í tengslum við námssviðið sjálfbærni og vísindi er leikskólinn að endurnýja þátttöku í verkefninu *Skóli á grænni grein* og sækir á þessu ári um *Grænfánann* í þriðja sinn. Börnin taka þátt í flokkun á pappír sem notaður er til endurvinnslu í leikskólanum og flokkun á lífrænu sorpi eftir matartíma. Samkvæmt upplýsingum stjórnenda og starfsmanna er lögð áhersla á að halda matarsóun í lágmarki. Hluti af leikfangakosti leikskólans er opinn efniviður sem styður stærðfræði og vísindi, má þar nefna einingarkubba og legókubba. Auk þess nota kennarar myndvarpa og smásjá í vísindavinnu með börnunum.

Aðstaða til listsköpunar er í einum garðinum, Listagarði. Þar er efniviður sýnilegur og aðgengilegur börnum að hluta. Má þar nefna pappír og liti af ýmsum gerðum og málningu. Matsmenn sáu að unnið var að listsköpun daglega og afrakstur af vinnunni í formi myndverka, var sýnilegur á nokkrum stöðum í leikskólanum. Unnið er með tónlist í daglegum samverustundum þegar sungið er með börnunum og einnig er söngstund á hverjum föstudegi sem leikskólastjóri stýrir. Í leikskólanum er barnakór sem kórstjóri kemur vikulega til að æfa. Píanó er í leikskólanum. Matsmenn sáu ekki önnur hljóðfæri en að sögn leikskólastjóra er til gott safn hljóðfæra sem ekki voru sýnileg á þeim tíma sem matið fór fram þar sem þau höfðu verið fjarlægð af sóttvarnarástandum vegna Covid-19.

Velferð og líðan barna

Í vettvangsathugun sáu matsmenn að andrúmsloft var yfirleitt afslappað og einkenndist almennt af virðingu fyrir börnunum. Yfirleitt voru starfsmenn nærri börnunum í leik á valsvæðunum en þó var það mismunandi eftir stigum. Á yngri stigi var nærvera starfsmanna áberandi meiri með börnunum á gólfi og við borð en á eldra stigi. Foreldrakönnun Skólapúlsins 2020 leiddi í ljós að flestir foreldrar telja að barninu sínu líði frekar eða mjög vel í leikskólanum og að samskipti starfsfólks við börnin séu almennt góð. Í rýnihópi foreldra kom einnig fram að börnunum líði almennt vel í leikskólanum. Þeir gerðu þó athugasemd við móttöku barnanna á morgnana og sögðu að munur væri á hversu viljug þau væru að fara inn í leikskólann eftir því hvaða starfsmaður tæki á móti þeim. Einnig gerðu foreldrar athugasemd við að tekið væri á móti öllum eldri börnunum á sama stað, sumum þeirra þætti óþægilegt að koma inn í stóran hóp að morgni.²¹ Matsmenn sáu almennt glöð og áhugasöm börn og samskipti innan hópsins að flestu leyti góð. Börnin í rýnihópi sögðu að þeim þætti gaman í leikskólanum og þeim liði vel.

Við aðlögun barna er unnið samkvæmt móttökuáætlun sem finna má í skólanámskrá. Aðlögunin tekur fimm daga þar sem stundum foreldranna í leikskólanum fækkar dag frá degi. Aðlögun barna frá yngri stigi yfir á eldra stig fer fram í áföngum með því að börn sem flytjast yfir þjálfast smátt og smátt í að taka þátt í flæðinu. Starfsmenn yngri stigs fylgja börnunum í þessari þjálfun. Foreldrar sem svöruðu foreldrakönnun Skólapúlsins 2020 voru ánægðir með aðlögun barna í leikskólanum og hvernig staðið væri að flutningi barna milli deilda.

Mat á námi og velferð barna

Til að meta nám og framfarir barna er skimunarprófið *Hljóm 2*, sem kannar hljóð- og málvitund barna, lagt fyrir öll fimm ára börn. TRAS skráningarlistinn (n: Tidlig registrering af sprákuþvöngu) er fylltur út tvisvar á ári til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Fram kom hjá deildarstjórum að stundum væri erfitt að fylla út TRAS listann því þeir hafi ekki nægilega góða yfirsýn yfir stöðu hvers og eins barns þar sem engin skráning er gerð í flæðinu. Starfsfólkið nefndi einnig að flæðið gerði erfitt

²¹ Rýnihópur foreldra.

fyrir að fylgjast með börnunum og að börn sem væru lítið fyrir að tjá sig ættu það til að gleymast. Nefndu þau að betur væri hægt að fylgjast með stöðu og framförum barnanna í samverustundum. Leikskólinn og heilsugæslan eiga gott samstarf vegna þroskaskimana sem gerðar eru á heilsugæslunni. Hreyfingarnar barnanna er ekki metinn sérstaklega nema ef áhyggjur vakna. Farið er yfir mat á stöðu barnanna í foreldraviðtölum en foreldrar taka almennt ekki þátt í mati á námi og framförum barnanna.²²

Styrkleikar

- Sameiginlegt dagskipulag er fyrir allan leikskólann.
- Lýðræðisleg þátttaka barna birtist í að þau hafa frjálst val um í hvaða garði þau leika sér og geta haft áhrif á hvaða verkefni eru í boði í gærðunum.
- Börnin eru að hluta til hvött til sjálfshjálpar.
- Fjallað er um námssvið aðalnámskrár í námskrá leikskólans og í gærðunum átta eru leiðbeiningar fyrir starfsfólk um á hvaða námssvið leggja skal áherslu í viðkomandi garði.
- Vel er unnið með námssviðið heilbrigði og vellíðan.
- Ferli er fyrir aðlögun barna í leikskólanum.
- Við mat á námi og framförum barna eru notuð viðurkennd matstæki.

Tækifæri til umbóta

- Koma í framkvæmd hugmynd um að skipta eldra stigi í tvö stig og fjölga deildarstjórum í þrjá.
- Koma í framkvæmd hugmynd um að innleiða uppeldisstefnuna *Jákvæður agi* í leikskólanum.
- Endurskoða og skrá reglur leikskólans með þátttöku starfsmanna og barna.
- Starfsfólk leggi sig fram við að skapa umræður við börnin í daglegum athöfnum, s.s. á matmálstíma og hvetji þau til þess að tjá sig.
- Ræða innan leikskólans hvort ástæða sé til að huga að meira krefjandi verkefnum fyrir börnin í flæði.
- Auka vinnu með læsi og gera ritmál sýnilegra í umhverfinu.
- Gera skapandi starfi og vísindum hærra undir höfði í starfi leikskólans.
- Leita leiða til að foreldrar komi að mati á námi og framförum barna.
- Koma á skráningu á vali og námi barna í flæði og daglegum athöfnum.

22 Rýnihópur deildarstjóra.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Pátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi og sameinað undir einni stjórn. Á heimasíðu Ásgarðs er hlekkur merktur foreldrafélag þar sem er að finna upplýsingar um fulltrúa í stjórn foreldrafélags/foreldraráðs og lög foreldrafélagsins. Þar kemur einnig fram umfjöllun um hlutverk og markmið foreldrafélags og foreldraráðs auk fundargerða. Ráðið/stjórn foreldrafélagsins er kosin á foreldrafundi að hausti ár hvert.²³ Þeir sem gefa kost á sér í stjórn eru yfirleitt sjálfkjörnir. Foreldraráð fundar að jafnaði einu sinni til tvisvar á ári. Það fer yfir skóladagatal, ársskýrslu og fjallar um breytingar á leikskólastarfinu. Leikskólastjóri boðar til funda foreldraráðs og skrifaðar eru fundargerðir á öllum fundum. Stjórn foreldrafélagsins sér um sumarhátíð í samstarfi við starfsmenn og einnig um gjafir fyrir börnin á litlu jólnunum.

Árlegur foreldrafundur er haldinn að hausti þar sem starfsemi vetrarins er kynnt og farið yfir hagnýtar upplýsingar. Í rýnihópi foreldra kom fram athugasemd um of mikið af upplýsingum á of stuttum tíma á foreldrafundum, betra væri fá upplýsingar oft og leggja meiri áherslu á samvinnu leikskóla og foreldra. Foreldrakaffi er tvisvar á ári, feður á bóndadag og mæður á konudag. Opið hús er að vori fyrir foreldra og aðstandendur, fyrir jól er boðið uppá foreldrakaffi og foreldrar taka þátt í mála piparkökum með börnunum.

Foreldraviðtöl fara fram einu sinni á ári, í tengslum við afmælisdaga barnanna. Þar er farið yfir niðurstöður úr *Hljóm 2* og *TRAS* og gefnar almennar upplýsingar um barnið sem foreldrar segja að nýtist vel. Í rýnihópi foreldra kom fram ósk um að fá meiri upplýsingar um líðan og framfarir barnanna því of langur tími líði á milli foreldraviðtala. Nefnt var að til bóta væri að fjölga foreldraviðtölum. Foreldrar sögðust fá góðar upplýsingar um daglegt skipulag í upphafi leikskólagöngu barnsins. Hins vegar sögðust foreldrar vita lítið um hvað er í gangi innan veggja leikskólans dags daglega og segja upplýsingar um innra starf og flæði ekki miklar.²⁴ Þeir óskuðu eftir meiri upplýsingum um líðan barnsins, val og viðfangsefni yfir daginn. Sögðu foreldrar mjög mismunandi hvað starfsmenn væru vel í stakk búnir til að gefa upplýsingar um barnið þeirra í lok dags. Foreldrar voru ánægðir með þá upplýsingagjöf sem fram fer í gegn um tölvupóst, upplýsingatöflur, heimasíðu, Karellen og Feisbókarsíðu. Ekki eru upplýsingar á öðrum tungumálum en íslensku á heimasíðu.

Viðhorf foreldra

Í rýnihópi foreldra og í foreldrakönnun Skólapúlsins 2020 kom fram ánægja með matinn í leikskólanum og þjónustu við börn sem eru með sérstakar þarfir varðandi mataræði. Þá tóku foreldrar sérstaklega fram að samskipti við starfsfólk yngra sviðs væru góð og vel tekið í óskir foreldra. Skýrt kom fram í rýnihópi að foreldrar bera ekki nægilegt traust til leikskólastjóra og telja hana fara í manngreinaralit. Ótta gætir meðal foreldra gagnvart því að koma með ábendingar. Þeir sögðu þó að yfirleitt væri auðvelt að ná sambandi við leikskólastjóra, hann hlustaði á hugmyndir þeirra en yfirleitt væri ekkert gert með þær. Foreldrar sögðust ekki sérstaklega hvattir til að taka þátt í leikskólastarfinu og þeir væru ekki virkir þátttakendur í starfinu nema þá daga sem viðburðir væru í leikskólanum. Í foreldrakönnun vorið 2020 var leikskólinn Ásgarður marktækt undir meðaltali leikskóla sem tóku þátt þegar spurt var um *hvatningu til þátttöku í leikskólastarfinu*. Foreldrar í rýnihópi gerðu athugasemd við það fyrirkomulag að börnin lykju deginum úti í garði því sá tími væri fyrst og fremst biðtími fyrir þau eftir að vera sótt. Varðandi kirkjuferðir barna vildu foreldrar að haft væri meira samráð við þá.

Samstarf við grunnskóla

Leikskólinn er í formlegu samstarfi við Grunnskóla Hvammstanga og eru reglulegar heimsóknir elstu barna leikskólans í 1. bekk grunnskólans frá október og út skólaárið. Börnin dveljast með grunnskólabörnunum í hálfan dag og fara með þeim í matsal og borða hádegisverð. Grunnskólanemendur koma í heimsókn í leikskólann í september og taka þátt í leik með börnunum. Að vori er fundað með kennurum grunnskólans til að skila upplýsingum um leikskólabörnin.

²³ Rýnihópur foreldra.

²⁴ Rýnihópur foreldra.

Annað samstarf

Leikskólinn er í samstarfi við íþróttamiðstöð, sem fyrr segir, og bókasafn bæjarins, sem lánar bækur til leikskólans. Einnig er gott samstarf við heilsugæslu bæjarins. Börnin heimsækja eldri borgara á Hvammstanga reglulega. Í tengslum við verkefnið *Skóli á grænni grein* er safnað peningum fyrir *Fíorellu* (styrktar barn frá Perú) með því að börnin safna flöskum og fara með í endurvinnslu og með framlögum foreldra og starfsmanna. Mánaðarlega fara starfsmenn og hópur barna með peningana sem safnast og leggja inn í bankann.

Styrkleikar

- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi og styður við leikskólastarfið.
- Upplýsingafundur fyrir foreldra er haldinn að hausti.
- Almenn ánægja er meðal foreldra í rýnihópi með matinn í leikskólanum og hvernig komið er til móts við sérstakar þarfir barna í mataræði.
- Góð samskipti eru við starfsfólk á yngra sviði.
- Vel er staðið að samstarfi við Grunnskóla Húnaþings vestra um aðlögun barna á milli skólastiga.
- Samstarf er við stofnanir í nærsamfélaginu.
- Börnin heimsækja eldri borgara reglulega og taka þátt í samfélagsverkefni í tengslum við verkefnið *Skóli á grænni grein*.

Tækifæri til umbóta

- Bæta daglega upplýsingagjöf til foreldra um líðan barna, áhugasvið og virkni í leikskólanum.
- Huga að því að hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum.
- Mikilvægt er að fá aðstoð utanaðkomandi aðila til að vinna að því að byggja upp traust meðal foreldra og stjórnenda.
- Taka upp samræðu við foreldrahópinn um hvað má betur fara í leikskólanum, s.s. varðandi móttöku og skil á börnum, upplýsingagjöf, samskipti og kirkjuferðir.

Skóli án aðgreiningar

Skólalþjónusta og sérkennsla

Við leikskólann starfar sérkennslustjóri í 50% starfshlutfalli sem er með B.Ed. í grunnskólakennarafræðum. Samkvæmt upplýsingum sérkennsluskólastjóra er hlutverk hans að bera ábyrgð á og hafa umsjón með sérkennslu í leikskólanum og gera frumgreiningu á börnum. Hann sér um skipulagningu sérkennslunnar, gerir skimanir á börnum og heldur utan um skráningar fyrir deildarstjóra. Hann tekur börn í einstaklingskennslu og vinnur með hvert barn/hóp í að lágmarki þrjár vikur í senn. Stór hluti einstaklingskennslunnar er málörvun einstaklingslega og í litlum hópum.

Að sögn sérkennslustjóra fylgist hann með vinnu á deildum og er faglegur leiðbeinandi fyrir starfsfólk og deildarstjóra. Í skólanámskrá er ekki fjallað um áherslur leikskólans á nám án aðgreiningar og þar kemur ekki fram að farið sé eftir ákveðnu ferli þegar grunur vaknar um frávík hjá barni. Í handbók *Málörvun og læsi – færni til framtíðar* eru reglur um viðbrögð ef grunur er um frávík hjá barni.²⁵ Samkvæmt leikskólastjóra er unnið samkvæmt þessu verklagi. Leikskólinn hefur aðgang að sálfræðingi sem kemur reglulega í leik- og grunnskóla bæjarins. Leikskólinn nýtir þjónustu Tröppu vegna greiningar og talkennslu. Teymi er myndað kringum börn með greiningu og gerðar eru einstaklingsáætlanir. Sérkennslustjóri gerir einstaklingsáætlanir og þær eru endurmetnar á hálfis árs fresti. Teymisfundir um sérkennslubörn eru haldnir á sex vikna fresti og þá sitja sérkennslustjóri, foreldrar, leikskólastjóri og deildarstjóri á viðkomandi deild. Deildarstjórar hafa aðgengi að einstaklingsáætlun hjá sérkennslustjóra. Aðrir starfsmenn fá munnlegar upplýsingar. Að sögn sérkennslustjóra er allt starfsfólk upplýst um frávík og sérþarfir barna. Fram kom í rýnihópum deildarstjóra og starfsmanna að stuðningur við börn fer fram hjá sérkennslustjóra og eitthvað inni á deild en þau sögðust ekki vita til þess að leikskólinn hefði stefnu í sérkennslumálum. Í handbók starfsfólks er fjallað almennt um málörvun en starfsmenn sögðust ekki hafa fengið leiðbeiningar um að vinna með málörvun einstaklinga í daglegum verkefnum. Foreldrar í rýnihópi gerðu athugasemd við takmarkaðar upplýsingar til foreldra frá sérkennslustjóra varðandi sérkennslu barna og einnig skort á nýtingu mannauðs í tengslum við börn sem eiga annað tungumál en íslensku.

Börn með annað móðurmál en íslensku

Í leikskólanum er áætlun um móttöku og aðlögun barna. Í henni er talað um móttöku fyrir öll börn og að kallaðir séu til túlkar vegna barna sem eiga annað móðurmál en íslensku. Annað kemur ekki fram varðandi móttöku barna með annað móðurmál en íslensku. Tekið var á móti börnum flóttamanna á síðasta ári með stuðningi frá Rauða krossinum. Á vegum verkefnisins hafði leikskólinn aðgang að túlki sem aðstoðaði við upphaf leikskólagöngunnar, samskipti við foreldra og þýddi helstu skilaboð sem leikskólinn sendir til foreldra. Starfsmenn nefndu að vantað hefði meiri faglegan stuðning við þá í þessu verkefni þar sem þeir hefðu verið illa undirbúnir að bregðast við hegðun barnanna. Þeir hefðu viljað fá meiri undirbúning og stuðning frá reynslumeira fólki sem hefði þekkingu til að taka á móti flóttabörnum.²⁶

Leikskólinn notar túlka fyrir þá foreldra sem ekki skilja íslensku, ýmist koma þeir á staðinn eða túlka í gegn um síma. Ekki hefur verið mörkuð stefna fyrir leikskólann um hvernig skuli unnið með þennan barnahóp, hvernig bregðast á við þegar börnin tala saman á sínu móðurmáli eða hvernig hægt sé að nýta þekkingu starfsmanna sem tala sama tungumál og börnin. Ekki er unnið með heimamenningu barnanna og hvergi var sýnilegt að í leikskólanum væru töluð mörg tungumál. Í foreldrakönnun Skólalþjónustunnar 2020 kom fram að matsþátturinn *Þátttaka án aðgreiningar* er marktækt undir meðaltali þeirra skóla sem taka þátt í könnuninni.²⁷ Börn með annað móðurmál en íslensku fá markvissa málörvun, ýmist einstaklingslega eða í minni hópum.

25 Málörvun og læsi – færni til framtíðar: Handbók. Slóðin er: [http://www.asgardur.leikskolinn.is/asgardur/handbok%20asgards%202017%20lokaeintak%20\(1\).pdf](http://www.asgardur.leikskolinn.is/asgardur/handbok%20asgards%202017%20lokaeintak%20(1).pdf)

26 Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

27 Vert er að hafa í huga að ekki er boðið upp á önnur tungumál í foreldrakönnun Skólalþjónustunnar en íslensku.

Styrkleikar

- Við leikskólann starfar sérkennslustjóri.
- Leikskólinn hefur aðgang að sálfræðingi og nýtir þjónustu *Tröppu* vegna talkennslu.
- Gerðar eru einstaklingsáætlanir og myndað teymi fyrir sérkennslubörn.
- Áætlun er til um samskipti leik- og grunnskóla.

Tækifæri til umbóta

- Auka þekkingu starfsfólks á vinnu að málörvun í almennu starfi.
- Styrkja þekkingu starfsmanna í vinnu með börn sem eiga annað móðurmál en íslensku.
- Styrkja þekkingu starfsmanna til að vinna með heimamenningu allra barna, jafnt íslenskumælandi og þeirra sem eiga annað móðurmál en íslensku.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer í innra mati og þar kemur fram að notast er við foreldra- og starfsmannakannanir Skólapúlsins við gagnaöflun. Hvor könnun um sig er lögð fyrir annað hvert ár. Fyrir utan að fast fyrirkomulag er í kringum foreldra- og starfsmannakannanir þá liggja ekki fyrir áætlanir um innra mat, hvorki til lengri né skemmri tíma. Ekki kemur fram í skólanámskrá hvernig stefna og markmið leikskólans eru metin og ekki hafa verið skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að. Verkefni og leiðir eru ekki metnar sérstaklega.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Matsteymi hefur nýlega verið stofnað. Í því eru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjóri og starfsmaður.²⁸ Til stendur að fulltrúi úr foreldraráði verði einnig í matsteymi. Matsteymið fer yfir niðurstöður foreldra- og starfsmannakannana, vinnur úr umbótaáætlingum frá starfsfólki og setur fram í umbótaáætlun. Óformlegt mat á starfsháttum fer fram í starfsmannaviðtölum, á fagfundum og á starfsmannafundum. Á haustfundum geta foreldrar komið fram með ábendingar. Mat á framförum barna er hluti af leikskólastarfinu. Börnin koma ekki að því að meta starfið.

Opinber birting og umbætur

Niðurstöður foreldra- og starfsmannakannana voru kynntar fyrir starfsfólki á starfsmannafundi og umbætur ræddar. Niðurstöður foreldrakönnunar voru kynntar fyrir foreldraráði og til stendur að kynna þær fyrir foreldrum á foreldrafundi næsta haust.²⁹ Ekki liggur fyrir greinargerð um innra mat en til stendur að birta samantektir úr foreldrakönnun og starfsmannakönnun á heimasíðu. Drög að umbótaáætlun liggur fyrir.

Styrkleikar

- Matsteymi starfar við leikskólann.
- Fjallað er um helstu leiðir sem leikskólinn fer í innra mati í skólanámskrá.
- Viðhorfskannanir meðal starfsfólks og foreldra eru gerðar reglulega.
- Drög að umbótaáætlun liggja fyrir þar sem aðgerðir eru tilgreindar og tímasettar, skilgreint hvernig endurmat á að fara fram og hver ber ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.

Tækifæri til umbóta

- Gera matsáætlun til nokkurra ára, sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.
- Gera nákvæmari matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem fram kemur viðfangsefni matsins, hvaða markmið eigi að meta og viðmið um árangur skilgreind. Tímasetja matið og tilgreina ábyrgðaraðila og hvernig gagna á að afla.
- Meta stefnu leikskólans og markmið markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur.
- Huga að aðkomu foreldraráðs í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.
- Efla mat og ígrundun starfsfólks á eigin starfsháttum í daglegu starfi.
- Gæta að fjölbreytni í öflun gagna meðal starfsfólks, barna og foreldra með aðferðum sem hæfa viðkomandi hópum og tryggja að raddir barna heyrist í mati á leikskólastarfinu.
- Birta greinargerðir um innra matið á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Ljúka við gerð umbótaáætlunar og birta á heimasíðu.

²⁸ Viðtal við leikskólastjóra.

²⁹ Viðtal við leikskólastjóra.

Samantekt matsþátta

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

Grænt – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

Rautt – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi leikskólans Ásgarðs: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Húsnæði er rúmgott og vinnuaðstaða barna og starfsfólks er góð.
- Hugað er að því að hafa fallegt og vistlegt umhverfi.
- Leikskólalóð er stór og býður upp á mikla möguleika.
- Stefna leikskólans og hugmyndafræði er skýr.
- Ásgarður og Grunnskóli Húnaþings vestra eru með sameiginlegt nemendaverndarráð.
- Unnin hefur verið læsisstefna fyrir leikskólann í samvinnu við leik- og grunnskóla í nærliggjandi sveitarfélögum.
- Gerð hefur verið leiðbeinandi handbók fyrir starfsmenn.
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru í samstarfi við aðra leikskólastjóra í nærliggjandi sveitarfélögum.
- Stutt er við starfsmenn í leikskólatengdu fjarnámi þannig að þeir halda launum í staðlotum.
- Starfsfólk hefur sett sér samskiptareglur sem eru endurskoðaðar reglulega.
- Sameiginlegt dagskipulag er fyrir allan leikskólann.
- Lýðræðisleg þátttaka barna birtist í að þau hafa frjálst val um í hvaða garði þau leika sér og geta haft áhrif á hvaða verkefni eru í boði í gördunum.
- Börnin eru að hluta til hvött til sjálfshjálpar.
- Fjallað er um námssvið aðalnámskrár í námskrá leikskólans og í gördunum átta eru leiðbeiningar fyrir starfsfólk um á hvaða námssvið leggja skal áherslu í viðkomandi garði.
- Vel er unnið með námssviðið heilbrigði og vellíðan.
- Ferli er fyrir aðlögun barna í leikskólanum.
- Við mat á námi og framförum barna eru notuð viðurkennd matstæki.
- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi og styður við leikskólastarfið.
- Upplýsingafundur fyrir foreldra er haldinn að hausti.
- Almenn ánægja er meðal foreldra í rýnihópi með matinn í leikskólanum og hvernig komið er til móts við sérstakar þarfir barna í mataræði.
- Góð samskipti eru við starfsfólk á yngra sviði.
- Vel er staðið að samstarfi við Grunnskóla Húnaþings vestra um aðlögun barna á milli skólastiga.
- Samstarf er við stofnanir í nærsamfélaginu.

- Börnin heimsækja eldri borgara reglulega og taka þátt í samfélagsverkefni í tengslum við verkefnið *Skóli á grænni grein*.
- Við leikskólann starfar sérkennslustjóri.
- Leikskólinn hefur aðgang að sálfræðingi og nýtir þjónustu *Tröppu* vegna talkennslu.
- Gerðar eru einstaklingsáætlanir og myndað teymi fyrir sérkennslubörn.
- Áætlun er til um samskipti leik- og grunnskóla.
- Matsteymi starfar við leikskólann.
- Fjallað er um helstu leiðir sem leikskólinn fer í innra mati í skólanámskrá.
- Viðhorfskannanir meðal starfsfólks og foreldra eru gerðar reglulega.
- Drög að umbótaáætlun liggja fyrir þar sem aðgerðir eru tilgreindar og tímasettar, skilgreint hvernig endurmat á að fara fram og hver ber ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.
- Huga þarf að betri hljóðvist í norðurhluta leikskólahúsnæðisins.
- Á útileiksvæði er þörf á að laga fallvarnir við rólur og huga að því að stúka af svæði fyrir yngstu börnin.
- Meta þarf hugmyndafræði leikskólans frá grunni, svo sem tilgang, framkvæmd, efnivið og þekkingu starfsfólks. Leggja ætti áherslu á aðkomu starfsmanna og foreldra að þeirri vinnu.
- Samfara endurskoðun á hugmyndafræði leikskólans þarf að taka upp umræðu um einkunnarorð og gera þau sýnilegri í leikskólanum.
- Ljúka við gerð skólastefnu fyrir Húnaþing vestra.
- Huga að endurskoðun skólanámskrár með aðkomu alls leikskólasamfélagsins og gera í henni grein fyrir hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst milli leikskóla eða í grunnskóla, hvernig unnið er með hæfnipætti í samræmi við aldur og þroska barna og birta viðmið fyrir leikskólastarfið sem metið er út frá í innra mati.
- Ljúka við gerð starfsáætlunar.
- Leikskólastjóri fari reglulega í starfsmannasamtal hjá sínum yfirmanni.
- Leita leiða í samráði við starfsfólk til að koma á reglulegum deildarfundum og efla faglega umræðu.
- Skrá verkaskiptingu leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra.
- Vinna símenntunaráætlun sem endurspeglar stefnu og þarfir leikskólans.
- Stjórnendur fylgist markvisst með námi og starfi í leikskólanum í þeim tilgangi að efla starfsfólk og gefa því endurgjöf.
- Unnið verði að því að byggja upp traust alls starfsfólks til leikskólastjóra.
- Vinna áfram að því að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda.
- Koma í framkvæmd hugmynd um að skipta eldra stigi í tvö stig og fjölga deildarstjórum í þrjá.
- Koma í framkvæmd hugmynd um að innleiða uppeldisstefnuna *Jákvæður agi* í leikskólanum.

- Endurskoða og skrá reglur leikskólans með þátttöku starfsmanna og barna.
- Starfsfólk leggi sig fram við að skapa umræður við börnin í daglegum athöfnum, s.s. á matmálstíma og hvetji þau til þess að tjá sig.
- Ræða innan leikskólans hvort ástæða sé til að huga að meira krefjandi verkefnum fyrir börnin í flæði.
- Auka vinnu með læsi og gera ritmál sýnilegra í umhverfinu.
- Gera skapandi starfi og vísindum hærra undir höfði í starfi leikskólans.
- Leita leiða til að foreldrar komi að mati á námi og framförum barna.
- Koma á skráningu á vali og námi barna í flæði og daglegum athöfnum.
- Bæta daglega upplýsingagjöf til foreldra um líðan barna, áhugasvið og virkni í leikskólanum.
- Hugsa að því að hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum.
- Mikilvægt er að fá aðstoð utanaðkomandi aðila til að vinna að því að byggja upp traust meðal foreldra og stjórnenda.
- Taka upp samræðu við foreldrahópinn um hvað má betur fara í leikskólanum, s.s. varðandi móttöku og skil á börnum, upplýsingagjöf, samskipti og kirkjuferðir.
- Auka þekkingu starfsfólks á vinnu að málörvun í almennu starfi.
- Styrkja þekkingu starfsmanna í vinnu með börn sem eiga annað móðurmál en íslensku.
- Styrkja þekkingu starfsmanna til að vinna með heimamenningu allra barna, jafnt íslensku-mælandi og þeirra sem eiga annað móðurmál en íslensku.
- Gera matsáætlun til nokkurra ára, sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.
- Gera nákvæmari matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem fram kemur viðfangsefni matsins, hvaða markmið eigi að meta og viðmið um árangur skilgreind. Tímasetja matið og tilgreina ábyrgðaraðila og hvernig gagna á að afla.
- Meta stefnu leikskólans og markmið markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur.
- Hugsa að aðkomu foreldraráðs í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.
- Efla mat og ígrundun starfsfólks á eigin starfsháttum í daglegu starfi.
- Gæta að fjölbreytni í öflun gagna meðal starfsfólks, barna og foreldra með aðferðum sem hæfa viðkomandi hópum og tryggja að raddir barna heyrast í mati á leikskólalastarfinu.
- Birta greinargerðir um innra matið á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Ljúka við gerð umbótaáættunar og birta á heimasíðu.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í Leikskólanum Ásgarði leiðir í ljós að börnunum líður vel þar. Lögð er áhersla á frjálsan leik og val barna í flæði. Stefna leikskólans og hugmyndafræði er skýr en langt er síðan hún var innleidd og því þörf á að endurmeta hana með hliðsjón af þekkingu starfsfólks. Vel er staðið að daglegum rekstri í leikskólanum en bæta má faglega forystu leikskólastjóra og byggja upp traust starfsfólks og foreldra til hans. Leita þarf leiða til að fá fleiri kennara til starfa og fjölga deildarstjórum í þrjá. Áfram ætti að vinna að því að stuðla að góðum starfsanda. Vel er staðið að samstarfi við grunnskóla og stofnanir í bænum og samstarf er við leikskóla í nærliggjandi sveitarfélögum. Vel er unnið með námssviðið heilbrigði og vellíðan en auka má vinnu með læsi, skapandi starf og vísindi. Foreldrar eru ánægðir með matinn í leikskólanum en kalla eftir aukinni daglegri upplýsingagjöf um líðan barna sinna, áhugasvið og virkni í leikskólanum. Leikskólastarfið er metið með könnunum til foreldra og starfsmanna. Markvisst þarf að vinna innra mat leikskólans út frá áætlunum til lengri og skemmri tíma og gera niðurstöður og áætlanir um umbætur aðgengilegar. Tryggja þarf að raddir barna heyrist í mati á leikskólastarfinu.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla. (2011). Slóðin er:

https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf

Heimasíða Ásgarðs. Slóðin er: <http://asgardur.leikskolinn.is>

Heimasíða Húnaþings vestra. Slóðin er: <https://www.hunathing.is/>

Jafnréttisáætlun leikskólans Ásgarðs. (2019). Slóðin er:

<http://asgardur.leikskolinn.is/%C3%A1sgar%C3%B0ur/jafnr%C3%A9ttis%C3%A1%C3%A6tlun%202019.pdf>

Læsisstefna leik- og grunnskóla. (2020). Slóðin er:

[http://asgardur.leikskolinn.is/%C3%A1sgar%C3%B0ur/laesisstefna-skja%20\(2\).pdf](http://asgardur.leikskolinn.is/%C3%A1sgar%C3%B0ur/laesisstefna-skja%20(2).pdf)

Leikskóladagatal Ásgarðs 2019–2020. Slóðin er:

<http://asgardur.leikskolinn.is/%C3%A1sgar%C3%B0ur/leikskoladagatal%202019-2020.pdf>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Málörvun og læsi – færni til framtíðar: Handbók. Slóðin er:

[http://www.asgardur.leikskolinn.is/ásgarður/handbók%20ásgarðs%202017%20lokaeintak%20\(1\).pdf](http://www.asgardur.leikskolinn.is/ásgarður/handbók%20ásgarðs%202017%20lokaeintak%20(1).pdf)

Skólanámskrá Ásgarðs. (2020). Slóðin er:

<http://asgardur.leikskolinn.is/Skolastarfid/Skolanamskra>

Skólapúlsinn. (2020). Foreldrakönnun leikskóla 2020: Leikskólinn Ásgarður.

Skólapúlsinn. (2020). Starfsmannakönnun leikskóla 2019–2020: Leikskólinn Ásgarður.

Viðtöl:

Símtal við sviðsstjóra fjölskyldusviðs.

Viðtal við aðstoðarleikskóla- og sérkennslustjóra.

Viðtal við leikskólustjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

